



ÖLFUS

Gjaldskrá leikskólaþjónustu 2018

Tímagjald milli kl. 08:00 og 16:00 kr. pr. mánuð	3.280
Gjald fyrir hverja 15 mín. vistun frá kl. 07:30-08:00 og 16:00-17:00 pr. mánuð	1.555
Hádegismatur kr. pr. mánuð	5.470
Morgun- / síðdegishressing kr. pr. hressing pr. mánuð	2.130

Veittur er systkinaafsláttur 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni.

Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundaheimilis, leikskólaþjónustu og þjónustu dagforeldra. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/Frístundaheimili er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu.

Foreldrum sem stunda dagnám er veittur afsláttur af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi.

Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

(Ath. Afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn).

Sækja þarf um afsláttinn til leikskólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.